




FERÐALÖG

AUSTUR



KYRRRÐ OG FEGURÐ

*Diljá Hrafnkelsdóttir er uppalin á Breiðdalsvík.
2020 flutti hún aftur heim og sér ekki eftir því.*



Sjáumst á fjöllum



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | www.fi.is



Arnar Gauta dreymir um jöklaferð.

Morgunblaðið/RAX



Samfélagsmiðlastjarnan elskar að lenda í ævintýrum úti í náttúrunni.



Seyðisfjörður er á stefnuskránni í sumar.

Morgunblaðið/Sigurður Bogi

„Ég elska þegar það er tekið til eftir mig“

Samfélagsmiðlastjarnan **Arnar Gauti Arnarsson**, betur þekktur sem Lil Curly, ætlar að ferðast vítt og breitt um landið í sumar. Hann ætlar meðal annars að koma við á Austurlandi þar sem Seyðisfjörður stendur upp úr að hans mati. Hann kann vel við sig í skemmtilegri útilegu en enn betur á góðu hóteli með almennilegri þjónustu.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is

Ætlar þú að ferðast innanlands í sumar?
 „Já! Ég ætla fara á Egilsstaði og Seyðisfjörð.“
Áttu þér uppáhaldsstað á Austurlandi?
 „Seyðisfjörður hefur mikla yfirburði fyrir austan.“

Áttu þér uppáhaldssundlaug úti á landi?
 „Sundlaugin á Suðureyri er falinn gullmoli, Hofsó á svaðalega sundlaug ef þú ert að leita að útsýni.“

Hvað finnst þér best að grilla í útilegunni?
 „Hamborgarar á grillið klikka seint eða aldrei.“

Áttu uppáhaldstjaldsvæði?
 „Tunguskógur á Ísafirði er ótrúlega skemmtilegt tjaldsvæði,

síðan eru góð tjaldsvæði á Mývatni sem fá „shout out“.
Er einhver staður á landinu sem þú hefur enn ekki komið á en langar að fara á?
 „Já, mig langar að fara í vélsleðaferð upp á Vatnajökul.“
Tjald eða hótél?

„Það er geðveik stemning í tjaldi en ég verð að velja hótél vegna þess ég elska þegar það er tekið til eftir mig.“

Hvaða flík verður að fara með í útileguna?

„Þú ferð ekki í útilegu á Íslandi án þess að taka síðbrækur með þér.“

Hvað ætlarðu að gera annað skemmtilegt í sumar?
 „Fara á Ísafjörð og kíkja á Tjöruhúsið.“

Föðurland er bráð nauðsynlegt í útileguna.



Arnar Gauti ætlar að ferðast um landið.



Löng helgi á Austurlandi

Það er alltaf gott veður á Austurlandi, í minningunni að minnsta kosti. Ein löng helgi er auðvitað ekki nóg en ef tíminn er ekki meiri þá eru þetta staðir sem þú mátt ekki missa af.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is

Dagur 1

Stuðlagil Ef þú hefur ekki skoðað Stuðlagil þá er kominn tími til þess að heimsækja þessa stórmerkilegu náttúruperlu. Það er um að gera að gefa sér góðan tíma og ganga niður í gilið. Það er hins vegar ekki fyrir þá allra lofthæddustu.

Vök Baths Vök Baths eru heitar náttúrulegar sem eru staðsettar á bökkum Urriðavatns við Egilsstaði. Þegar of heitt verður í pottunum er hægt að stökkva út í vatnið og kæla sig. Gott er að byrja skemmtilegt kvöld í baðlóninu, fá sér drykk í Vök Baths og fara síðan út að borða.

Út að borða á Nielsen Þegar gera á vel við sig er veitingahúsið Nielsen sérstaklega góður kostur. Hjónin Kári Þorsteinsson og Sólveig Edda Bjarnadóttir reka veitingahúsið í gullfallegu húsi. Kári, sem áður var yfirkokkur á Dill, matreiðir hráefni af svæðinu og er hægt að mæla með því að fara í óvissuferð á Nielsen.

Dagur 2

Hallormsstaðaskógur Hvernig væri að byrja daginn á því að fara í gönguferð um Hallormsstaðaskóg? Ef veðrið leikur við gesti

er hægt að mæla með því að stinga sér til sunds með orminum góða. Ef veðrið er óhagstætt er hægt að leita skjóls inni í skóginum sem er sá stærsti á landinu. Þar er að finna fjölmargar skemmtilegar gönguleiðir.

Vallanes Eftir góða útiveru er tilvalið að kíkja í Vallanes og næra sig. Ekki er hægt að fara tómhentur heim frá Vallanesi og er tilvalið að kippa með sér góðu arfapestói eða aðalbláberjasultu með sér.

Kárahnjúkavirkjun Óhætt er að mæla með því að bruna upp að Kárahnjúkavirkjun. Vegirnir eru góðir og venjulegir smábílar komast óvída eins greiðlega upp á hálendið. Stíflan er tilkomumikil en á sama tíma ógnvænlegt mannvirki. Hvort sem fólk kann að meta virkjunina eða ekki þá er sjón sögu ríkari.



Skriðuklaustur er skemmtilegur staður.



Það er upplifun að keyra að Kárahnjúkavirkjun.



Það er gott að baða sig í Vök.



Stuðlagil er fagurt.



Dagur 3

Skriðuklaustur Það er forvitnilegt fyrir alla bókmenntaunnendur sem og áhugafólk um sögu lands og þjóðar að skoða stórmerkilegt hús Gunnars Gunnarssonar rithöfundar. Á Skriðuklaustri er hægt að forvitnast um líf Gunnars og sögu Skriðuklausturs. Nauðsynlegt er að ljúka heimsókninni á því að gæða sér á veitingum af gómsætu hlaðborði Klausturskaffis þar sem meðal annars dýrindis hreindýrabollur eru í boði.

Óbyggðasetur Íslands Eftir góða máltíð í Klausturskaffi er tilvalið að halda áfram og skoða Óbyggðasetur Íslands. Skemmtilegt er að upplifa lifandi sýningu Óbyggðasetursins um ævintýri óbyggðanna. Einnig er að finna þar fjölda spennandi gönguleiða. Dæmi um styttri göngu er eyðibýlagangan sem liggur inn með ánni að endurgerðum kláf sem gestum er velkomnið að prófa.

ICELANDAIR 

Undur Austurlands bíða þín



Icelandair.is



Það er stutt að skreppa með flugi

Viltu hitta fjölskyldu eða vini fyrir austan? Skoða fallega firði og freista þess að sjá hreindýr á Austurlandi? Það er líka endurnærandi að kíkja í jarðhitalaugar VÖK Baths við Urriðavatn. Við fljúgum daglega til Egilsstaða og það tekur einungis um 50 mínútur.

Tryggðu þér þitt sæti í dag.



Fólkið og fjöllin eru falleg á Fátarhöfn

Franski bærin er fallegur á að líta.

Sesselja Fjóla Þorsteinsdóttir er þekkt fyrir að vera með marga bolta á lofti á Fátarhöfn. Þegar hún er ekki að sinna starfi sínu sem safnvörður á safninu Frökkum á Íslandsmiðum sér hún um að halda bæjarbúum í formi enda menntaður einkabjálfari og þolfimikennari.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | guðrunselma@mbl.is

Sesselja Fjóla er fædd og uppalin á Stöðvarfirði auk þess sem hún hefur búið í Kópavogi. Það má þó segja að ástin hafi dregið hana til Fátarhöfnar þar sem hún hefur búið undanfarin 12 ár. „Eiginmaður minn er fæddur hér og uppalinn og einnig á ég ættir að rekja hingað og á margar frænkur og frændur í firðinum fagra Fátarhöfn,“ segir Sesselja Fjóla sem segir að sér líði afskaplega vel í Fátarhöfn.

Hvað er það sem heillar við bæinn?

„Það sem mér finnst heillandi við bæinn er fallegur gróður, snyrtimennska, falleg gömul og endurbýggð hús, fallegur fjallahringur og fólkið sem hér býr.“

Hvað er skemmtilegt að skoða á Franska safninu?

„Franska safnið er sannarlega vert að heimsækja þar sem sögu franskra og belgískra sjómanna eru gerð góð skil sem og um allan fjórðinn en hér er hún áþreifanleg allt um kring. Ég starfa á safninu á sumrin en á veturna tek ég á móti hópum í Norðurljósahúsi Íslands sem er hér í gömlu fallegu húsi.“

Sesselja Fjóla mælir með að fá sér sundsprett í Sundlaug Fátarhöfnar. „Sundlaugin er ein af elstu innisundlaugum landsins og þar er dásamlegt að eiga stund,“ segir hún. Svo vill til að Sesselja Fjóla þekkir sundlauginu betur en margir aðrir en hún kennir vatnsleikfimi í henni. Auk þess kennir hún heldri borgurum dans og leikfimi.



Sesselja Fjóla Þorsteinsdóttir mælir með að heimsækja Fátarhöfn í sumar.



Franskir sjómenn komu til Fátarhöfnar.



Gilsárfoss.



Sjórin er stór hluti af lífi og sögu Fátarhöfnar.

Sesselja Fjóla mælir með:

- Cafe Sumarlína er til húsa í gömlu húsi niðri við sjó og á sér mikla sögu.
- Gallerí Kolfreyja er í fallegu gömlu endurbýggðu húsi sem heitir Tangi og var áður kaupfélag. Þar má finna handverk heimanna.
- Templarinn er sögufrægt hús hér í bæ en á dögnum keyptu fjórir einstaklingar húsið og til stendur að bjóða upp á lista- og sölusýningu þar í framtíðinni og kaffihúsa-stemningu.
- Í Loppu er hægt að fylla á bíltankinn og metta einnig magann með pylsu og kóki svo eitthvað sé nefnt.
- Veitingastaðurinn L'Abri er í Franska spítalanum og einnig Fosshótel Austfirðir.
- Hér er fallegur fjölskyldugarður með hoppubelg, aparólu og fleira.

„Ég sæk orku í náttúruna og hreinlega elska það að ástunda hreyfingu við hæfi og getu hvern dag í öllum veðrum,“ segir Sesselja Fjóla sem segir margar fallegar gönguleiðir í Fátarhöfn og nágrenni. „Ég og vinkona mín Berglind Ósk Agnarsdóttir sagnakona höfum í nokkur ár boðið upp á gönguferðir út um allar koppagrundir; sögur eru sagðar, sungið og á stundum tekin dansspor og fleira sem mér hugnast hverju sinni.“ Hún mælir sérstaklega með að virða fyrir sér Gilsárfoss og segist ganga þangað oft. Sesselja Fjóla mælir einnig með skógræktinni Nýgræðingi á Stöðvarfirði en þaðan á hún góðar æskuminningar.



Fathul Abar/Unsplash

Gott að borða á Austurlandi

Austurland er án efa ein mesta matarkista Íslands. Þar eru góð skilyrði til ræktunar, sjór og vötn full af fiski, hreindýr og villtir fuglar á heiðum og þar er einnig eina wasabi-ræktun landsins. Hér eru nokkrar ábendingar um hvað og hvar er best að borða á Austurlandi.

Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir | hannafr@gmail.com

Fiskur og sjávarfang Margir veitingastaðir bjóða upp á góðan fisk og fiskmeti. Þeir sem vilja prófa eitthvað alveg einstaklega spennandi og gott ættu til dæmis að fara á Norð-Austur Sushi & bar á Seyðisfirði. Þessi staður hefur verið opinn á sumrin í nokkuð mörg ár og raunar verið kosinn besti sushistaður landsins, matseðillinn er einstaklega frumlegur, góður og spennandi en unnið er með hráefni úr héraði. Annar metnaðarfullur staður með sælkerarétti úr fiski er Nielsen-veitingahúsið á Egilsstöðum. **Villibráð** Allir sem koma á Austurland verða að smakka einhverja villibráð og af henni er nóg til á þessu svæði, sér í lagi á haustin. Á Aski Pizzeriu á Egilsstöðum er alltaf boðið upp á eina pítu með heiðagæsaahakki sem mælt er með. Nielsen hefur oft verið með villibráð en það fer eftir framboði og árstíð en veitingastaðurinn skiptir ört um matseðil. Á Skriðuklaustri er yfirleitt hægt að fá hreindýr. Eldhúsið Restaurant, sem er á Gistihúsinu Egilsstöðum, er einnig með hreindýrasteik á sínum matseðli. **Wasabi** Óviða í heiminum er wasabi ræktað enda þarf að uppfylla sérstök skilyrði og fá leyfi frá Japan til ræktunar en það hefur þeim á Austurlandi tekist. Þeir matsölustaðir sem vinna með hráefni eru til dæmis veitingastaðurinn Nielsen, Norð-Austur Sushi & bar auk þess sem veitingastaðurinn 1001 nótt gefur sig út fyrir að vinna með staðbundið hráefni.

Bygg Þetta skemmtilega hráefni er ræktað af fyrirtækinu Móður jörð sem er á Austurlandi en þar er rekið lítið kaffihús, Asparhúsið, sem býður upp á góðan morgunverð og heilnæmar máltíðir úr jurtafökinu. **Villtir sveppir** Mikið úrval af villtum sveppum finnst á Austurlandi og víða er hægt að fá góða sveppasúpu. Á matsölustaðnum Kol bar & Bistro á Hótel Hallormsstað er hún oft á matseðli, á Skriðuklaustri er líka gjarnan hægt að fá sveppasúpu og svepparétti. Leitið að réttum með sveppum úr héraði, þá er oft að finna til dæmis á forrétta-seðlunum. **Mjólkurvörur, skyr og ostar** Á Fjóshorninu á Egilsstöðum er rekið lítið mjólkurbú þar sem framleitt er skyr og ostar sem margir veitingastaðir í héraðinu nýta sér. Fjóshornið rekur líka lítið kaffihús og verslun þar sem hægt er að kaupa ýmsar kræsingar beint frá býli. **Pönnukökur og bakkelsi** Á Óbyggðasetrinu er hægt að fá eka íslenskar pönnukökur með heimagerðri rabarbarsultu og rjóma ásamt ýmsu öðru heimagerðu bakkelsi. Þeir sem elska góðar íslenskar hnallþóru ættu að fara á Bókakaffið á Hlöðum en þar er yfirleitt kökulaðborð á föstudögum, þar er líka boðið upp á heimilislegan mat.



ALLT FYRIR ÚTILEGUNA!



BARDANI VÍNGLÖS
2 STK. Í PAKKA
4.495.-



COLEMAN ATTITUDE 2
GO FERÐAGRILL
58.995.-



BARDANI EDA
BRÚSI 15L
3.495.-



PRIMUS ESSENTIAL
POTTASETT
15.995.-



PRIMUS LOKE GASHITARI
17.995.-



BAREBONES FOREST
USB LUKT
21.995.-



CAMPINGAZ POWERBOX
PLUS KÆLIBOX 28L
23.995.-



THETFORD PORTA
POTTI FERÐASALERNI
19.995.-



SAFARICA TJALDMOTTA
270x200 CM
10.495.-



BARDANI MUSICA GRANDE
70x117x55 - 76 CM
33.995.-



BARDANI VERMILLION
23.995.-



COLEMAN RECLINER
16.995.-



CAMPINGAZ QUICKBED
188x137x19 CM
9.995.-



SAFARICA SAFARI
VINDVEGGUR 140x400 CM
14.995.-



COLEMAN MEADOWOOD
4 AIR TJALD
189.995.-



COLEMAN WEATHER-
MASTER 4XL AIR
249.995.-

ELLINGSEN

Fiskislóð 1, Reykjavík / Hvannavellir 14, Akureyri / 580-8500 / Síðan 1916 / www.ellingsen.is

Féllu kylliflöt fyrir Seyðisfirði

Hjónin **Ingvi Örn Þorsteinsson** og **Sigríður Rún Tryggvadóttir** voru mikil borgarbörn áður en þau fluttu austur á Seyðisfjörð fyrir tíu árum þegar Sigríður var valin prestur í Egilsstaðaprestakalli. Þau eru ekkert á förum og hafa tengst samfélaginu og náttúrunni órjúfanlegum böndum.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir | gudrunselma@mbl.is

Það var mjög mikil breyting að flytja. Við vorum bæði í krefjandi störfum í Reykjavík og eigum fjögur börn þannig að það þurfti að púsla dálítið og yfirleitt fór tíminn frá 5-7 í borginni í skúli og Bónusferðir. Það var smá áskorun að flytja í bæ þar sem við höfðum ekkert bakland og þekktum fáa en það var tekið mjög vel á móti okkur," segja hjónin sem komust fljótlega að því að gamlir vinir hjuggu í bænum. Dýr-mætur tími eftir vinnu og skóla nýttist sem fjölskyldustundir á Seyðisfirði.

Einfaldleiki hversdagsins, fólkið og nálægðin við fjöllin og náttúruna er meðal þess sem þau kunna að meta fyrir austan. „Það er náttúrulega alveg geggjáð að geta stundað útivist og fjallgöngur í bakgarðinum. Við getum labbað frá húsinu okkar og verið komin upp í fjall eftir nokkrar mínútur. Eins búum við í miklum matar- og menningarbæ þannig að það er næstum alltaf eitthvað að gerast. Hér eru frábærir veitingastaðir. Reglulega eru áhugaverðar listasýningar, tónleikar og fleira. Eins erum við bæði í vinnu sem er mjög skemmtileg," segja þau.

Þau borða mat úr heimabyggð. „Við tinum ber og sveppi, veiðum bleikju í Fjarðaránni og förum einu sinni til tvisvar á sumri á sjóstöng úti í firði og fyllum á kistuna. Eins erum við dugleg að kaupa staðbundna matvöru. Kaupum alltaf grafna gæs og fleira á mörkuðum eins og haustroða og barra. Við erum mjög hrifin af villibráð, sérstaklega hreindýri og gæs, og eigum alltaf „hot sauce“ og sinnep frá Lefever í ísskápnunum.“

Þéttsetið í sveitakirkjum á sumrin

„Prestsstarfið er fjölbreytt, alltaf mikið að gera og dagarnir geta verið mjög misjafnir og óútreiknanlegir. Það er yndislegt að þjóna í Egilsstaðaprestakalli, svæðið er stórt, fjórtán sóknir



Sigríður og Ingvi ásamt börnum og barnabarni fyrir framan prestssetið á Seyðisfirði, Framnes.

Hjónin Sigríður og Ingvi í Húsavík með Hvítserk í bakgrunni.

frá Möðrudal á Fjöllum, allt Héraðið, Úthérað, Borgarfjörður og Seyðisfjörður. Ég hef sérstakar skyldur við Seyðisfjarðarsókn og þar búum við. Í sóknarnefndarfólki, organistum og kórum er fölginn mikill mannauður og samstarfs-fólkið er eðal," segir Sigríður.

Hefur þú messað á óvenjulegum eða fáförnum stöðum?

„Á sumrin messum við meira í litlu sveitakirkjunum, þær eru margar og fallegar og það eru alltaf mjög góðar og vel sóttar stundir. Þó að sóknin í Möðrudal sé fámennust er alltaf nokkuð um athafnir þar. Ég hef líka verið með ferminu í Kverkfjöllum. Sumarið notum við einnig til að brjóta hefðbundið helgihald upp og erum með útimessur og göngumessur. Einu sinni á ári, um miðjan júl, er messað í Klyppstaðarkirkju í Loðmundarfirði. Þar hefur enginn búið frá 1974 og fáir í langan tíma áður. Í þeim messum eru

kirkjubekkirnar alltaf þéttsetnir og margir þurfa að standa úti. Stundum er það göngufólk sem óvart rekt inn, en flestir keyra þennan molduga malarveg gagnert til að sækja þessa messu. Bakkasystur, kirkjukórinn frá Borgarfirði, hafa séð um sönginn undanfarin ár og hvergi bragðast messukaffið betur en í Lommanum, um það sjá yndislegar konur frá Borgarfirði og Egilsstöðum. Það eru algjörar töfrastundir.“

En að aðeins vinsælli kirkju. Kirkjan á Seyðisfirði er ein mest myndada kirkja landsins, hefur það áhrif á prestsstarfið og lífið í bænum almenn?

„Seyðisfirðingum þykir vænt um kirkjuna sína og hún er eitt þekktasta kennileiti bæjarins. Það hefur ekki beint áhrif á starfið þannig séð. Helgihaldið og safnaðarstarfið hefur sinn gang óháð ferðamönnum. Það kemur þó iðulega fyrir að ég sný mér frá altarinu í upphafi athafnar og allt einu eru öftustu bekkirnir fullir af ferðamönnum í gönguklossum og goretex, eða eins stökkum af einhverju skemmtiferðaskipi. En það er bara gaman. Fyrir kórónuveirufaraldurinn var nokkuð um að erlend þör bæðu um

hjónavígslu í kirkjunni eða á Regnbogagötunni. Það hefur ekki verið mikið um það núna. Mikill fjöldi ferðamanna hefur bæði kosti og galla, suma daga líður bæjarbúum eins og þeir séu hluti af leikmynd en það er líka atvinnuskapandi og margir hafa sitt lífsviðurværi af ferðaþjónustu.“

Ævintýramenn sem láta drauminn rætast

Ingvi er hönnuður og starfar sem verk-efnastjóri hjá Austurbrú. Ævintýraáhugi Ingva byrjaði af alvöru fyrir austan og nú er hann að klára annað ár í fjallamennskunámi FAS og að stofna eigið ferðaþjónustufyrirtæki.

„Við vorum alls ekki mikið útivistarfólk áður en við fluttum austur. Ég var tiltölulega nýbyrjaður að stunda stangveiði og hef alltaf hjólað mikið en það var meira innanbæjar og til að komast á milli staða. Eftir að við fluttum austur fóru fjöllin að kalla og við byrjuðum að fara í stuttar göngur upp í Vestdal, Fjarðarsel og Botna. Með því jókst áhuginn og við förum að ganga meira. Eins fór ég mikið með strákana okkar á skíðasvæðið í Stafdal sem er eitt skemmtilegasta skíðasvæði sem ég veit um. Svo kom kórónuveirufaraldurinn og öllu lokað,

þá förum við nokkrir strákar að ganga á fjöllin í kring til að geta rennt okkur. Ég held að við það hafi áhuginn á fjallamennsku komið fyrir alvöru. Í dag veit ég fátt skemmtilegra en að stunda útivist, ganga á fjöll eða jökla, fara á snjóbretti, gönguskíði og út að hjóla," segir Ingvi.

Eiginkona hans er rólegri. „Ég get varla haldið því fram að ég sé útivistarmanneskja. Mér finnst gott að vera úti, liggja í mosa og naga strá, það er ein skilvirkasta leiðin til heilunar og endurnæringar, það er svo gott að tengjast almættinu í náttúrunni," segir Sigríður.

Ingvi segir fjallamennskunámið hafa verið skemmtilegra en hann hafði getað ímyndað sér.

„Ég var búinn að vera að fylgjast aðeins með því hvað þau voru að kenna á Instagram og gat ekki

annað en sótt um. Svo mætti ég í fyrsta áfangann í skólanum sem var klettaklifur sem ég hafði aldrei komið nálægt og er lofthræddur þannig að það var dálítið mikil áskorun. Ég var ekki alveg að kaupa þetta klifur til að byrja með og sá ekki fyrir mér að það væri eitthvað sem ég væri að fara að stunda en núna fer ég reglulega að klifra, finnst það mjög gaman og verð vonandi góður í því einhvern tímann. Eins fór ég á jökul í fyrsta skipti í náminu og það var alveg mögnuð upplifun – eiginlega alveg ótrúlegt að það sé ekki

► SJÁ SÍÐU 8

Startaðu ferðasumarið með **TUDOR**

Rafgeymar í húsbíla og hjólhýsi fyrir ferðalagið í sumar

TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA - ALLA LEIÐ

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • NÝTT: vefverslun www.skorri.is



Tryggvi, yngsti sonurinn, hjólar hér í Skálanesi.



NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Langbráð sumar með samveru, gleði og góðum mat.
Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum
lambakjöt – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á islensktlambakjot.is



algengara að Íslendingar ferðist um jökla, þetta er allt annar heimur og aðgengið hérna á Íslandi er ótrúlega gott. Námið gengur út á að læra að leiðsegja og ferðast um fjalllendi og jökla á ábyrgan hátt og að geta bjargað sér. Eins lærum við grunn í fjallaskíðum, tókum snjóflóðanámskeið og gátum valið námskeið á fjallahjólum og kajak sem var mjög gaman.“

Ingví og Dušky vinur hans byrjuðu síðasta sumar að tala um að stofna ferðaþjónustufyrirtæki sem myndi bjóða upp á ævintýraferðir í firðinum. Nýlega bættist þriðji félaginn, Michael, í hópinn.

„Við eigum það allir sameiginlegt að hafa komið hingað á Seyðisfjörð og fundið einhverja magnaða tengingu við fjörðinn og viljum hvergi annars staðar búa, urðum strax ofsalega miklir Seyðfirðingar þótt við höfum ekki átt neinar tengingar hingað áður. Eins erum við allir miklir ævintýramenn og mjög hrifnir af svæðinu hérna í kringum okkur. Það er margt í boði hérna en það hefur verið vöntun á þjónustu eins og þeirri sem við ætlum að bjóða upp á. Við komum til með að byrja á að bjóða upp á gönguferðir og hjólaferðir og síðar meir fjallaskíða- og „splitboard“-ferðir og ferðaskíðatúra. Svo er aldrei að vita hvað fleira okkur dettur í hug að gera. Við erum að vinna að vörubróun þessa dagana og búa til kynningarefni og munum opna heimasíðu og byrja að kynna fyrirtækið í haust. Við stefnum að því að bjóða upp á ferðir allt árið þar sem við trúum því að það séu mikil tækifæri í vetrarferðamennsku á Austurlandi.“

Ekkert sem stenst samanburð við gott austurlenskt sumar

Hvað gerir þú þegar þú viljið aðeins komast út í náttúruna?

„Staðirnir sem við sækjum oftast eru hérna í firðinum. Vestdalur, Fjarðarsel og Botnarnir eru kannski staðirnir sem við sækjum oftast

Fjölskyldan fer reglulega í ferðir í Loðmundarfjörð. Þau láta þokuna ekki stoppa sig.



Börn hafa gaman af útiveru

Ingibjörg Jónsdóttir útskrifaðist nýlega sem leiðsögumaður en ferðaáhugið hefur blundað í henni síðan hún var lítil telpa á Seyðisfirði. Ingibjörg fer í sumar með börn í langar göngur en þar kemur sér vel að hún er lærður leikskólakennari.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir / gudrunselma@mbl.is

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á ferðalögum, var búin að lesa auglýsingar um leiðsöguskólann í mörg ár og hugsaði að þetta væri örugglega skemmtilegt, fræðandi og gefandi nám. Ég er lærður leikskólakennari og starfa núna sem leikskólastjóri og rekstrarstjóri í leikskólanum Gefnarborg í Garði. Fyrir tveimur árum ákvað ég að slá til og skrá mig í nám í leiðsöguskólanum í MK og útskrifaðist í maí sem gönguleiðsögumaður. Það sem kannski ýtti mest undir að ég tók af skarið og skráði mig í skólann var að ég er búin að vera þátttakandi í nokkur ár í gönguhóp á vegum FÍ sem heitir Alla leið. Þar hef ég fengið mikla útrás fyrir minn útivistaráhuga og einnig kynnst yndislegu fólki sem deilir þessum áhuga með mér. Ég hafði einnig fengið tækifæri til að leiðsegja á Víknaslóðum og í Lónsöræfum á vegum FÍ og það var mjög gefandi og skemmtileg reynsla,“ segir Ingibjörg.

Líður vel í kringum fjöllin

Hefur þú alltaf verið dugleg að ferðast?

„Þegar ég var lítil stelpa að alast upp á Seyðisfirði man ég að hápunkturinn var alltaf þegar farið var í ferðalag á sumrin. Tjaldútilega með fjölskyldunni til dæmis í Hallormsstaðaskógi var algjörlega toppurinn á tilverunni í þá daga. Skíði hafa alltaf verið mitt aðaláhugamál og pabbi var duglegur að keyra okkur systkinin upp á Fjarðarheiði og við fundum brekkur sem við gengum upp og renndum okkur niður, nokkrar ferðir yfir daginn og oft renndum við okkur langleiðina niður í bæ í lok dags. Útivera, hreyfing, nándin við náttúruna hefur alltaf gefið



Ingibjörg dregur gjarnan upp þrjónana í göngum.

mér orku, vellíðan og styrk. Ég þarf að komast reglulega í burtu frá amstri dagsins og þá finnst mér best að dvelja úti í náttúrunni þar sem ég finn kyrrð og ró.“

Hvað er það við Austfirði sem heillar?

„Ég er fædd og uppalin á Seyðisfirði en þú núna í Reykjanesbæ, það er gott að búa þar en heima er alltaf Seyðisfjörður. Þegar ég er á leiðinni heim og keyri niður Fjarðarheiðina og Seyðisfjörður birtist þá slær hjartað hraðar. Þetta hefur öruggleg eitthvað með það að gera að eiga góðar æskuminningar og fjöllin á Austurlandi hafa alltaf heillað mig. Mér líður afskaplega vel innan um fjöllin á Seyðisfirði, sem er kannski öflugt við marga aðra sem fá innlokunarkenn. Ég myndi segja að lítil bæjarfélög, náungakærleikur sem myndast í litlum samfélögum,

veðráttan og nálægðin við fjölbreytta náttúru er það sem er heillandi við Austfirði.“

Leyfið börnunum að taka þátt

Ingibjörg fer sem leiðsögumaður á Víknaslóðir og í Lónsöræfi á vegum Ferðafélags Barnanna á vegum FÍ í sumar.

„Ég er búin að starfa í mörg ár sem leikskólakennari og það sem er svo gefandi og skemmtilegt í starfi með börnum er að fylgjast með og sjá hversu edlislægt það er þeim að vera alltaf í núinu þar sem við fullorðna fólkið erum alltaf að reyna að staðsetja okkur. Þau kunna að njóta augnabliksins og því er svo mikilvægt að skapa aðstæður sem gefur þeim tækifæri og tíma til að uppgötva og skynja á sínum forsendum. Þegar við förum í göngur með börnin er mikilvægt að

yfir sumartímann. Á veturna erum við mikið í Stafdal. Eins keyrum við öðru hverju út með firði, förum út að Selstöðum eða alla leið í Brimnes eða Skálanes. Svo langar okkur náttúrulega alltaf í Lommann (Loðmundarfjörð).“

Eigið þú uppáhaldsgönguleið?

„Ætli Loðmundarfjörður sé ekki einn af okkar uppáhaldsstöðum og gönguleiðin þangað er mjög skemmtileg. Eins er Stóruvörð í miklu uppáhaldi og gönguleiðin í Stapavík. Það er mjög þægileg leið og ótrúlega falleg. Svo finnst okkur geggjað að fara upp í Vestdal og labba um þar, horfa á fossana og heimsækja álfana.“

Hvað ætlið þú að gera skemmtilegt í sumar á Austurlandi?

„Við höldum að veðrið verði best á Austurlandi og það er ekkert sem stenst samanburð við gott austurlenskt sumar. Það koma örugglega góðir gestir til okkar og við sýnum þeim uppáhaldsperlurnar okkar. Við ætlum svo að fara í Loðmundarfjörð með frábærum hópi í haust, fjölskyldunni og svokallaðri sparifjölskyldu. Loðmundarfjörður er einn af okkar uppáhaldsstöðum og okkur líður hvergi betur, það er líka svo gaman að krakkarnir elska að vera þar líka, þótt það sé ekkert net – eða kannski þess vegna. Eins erum við að hugsa um að fara á Gerpisvæðið og ganga þar, það er mjög spennandi svæði sem okkur langar til að kynna. Eins er ferð á Snæfell í pípunum. Alveg kominn tími á okkur að heimsækja konung íslenskra fjalla. Svo ætla Ingví og Tryggvi yngsti sonur okkar að fara í fjallahjólaleiðir í byrjun júlí. Prófa fjallahjólaleiðirnar sem Fjord Bikes hafa verið að búa til á Borgarfirði eystri, hjóla leiðirnar í Hallormsstaðaskógi og inn í Fljótsdal. Við erum mjög spenntir fyrir þeirri ferð. Stefnum á um viku tjaldferðalag með hjólin og prófa þessar spennandi fjallahjólaleiðir sem er búið að hanna hérna fyrir austan,“ segja prestshjónin á Seyðisfirði.

Ingibjörg mælir með þegar haldið er austur:

- Norð Austur – Sushi & Bar á Seyðisfirði
- Fá sér hamborgara á Lárinni á Seyðisfirði
- Lundinn í Hafnarhólmi - Borgarfjörður eystri
- Kaffihlaðborð á Skriðuklaustri
- Fiskisúpa í Álfakaffi á Borgarfirði eystri
- Gangi upp að Hengifossi
- Snæfellsstofa
- Laugarnar í Laugarfelli
- Fjarðarselsgönguleiðin á Seyðisfirði
- Vök
- Stuðlagil

við getum sett okkur í þeirra spor, þau þurfa góðan tíma, við megum ekki ætla okkur of mikið.“

Hver er lykullinn að því að vekja áhuga barna á göngum?

„Hinn fullorðni þarf að vera góð fyrirmynd, gefa barninu góðan tíma og skapa aðstæður sem vekja áhuga og vellíðan. Ætla sér ekki of mikið í byrjun, sýna þolinmæði og taka þátt í því sem vekur athygli barnanna. Leyfa barninu að taka þátt í að skipuleggja gönguna, raða í bakpokann, búa til nesið og vera við öllu búið hvað varðar klæðnað og veðurfar. Leyfa barninu að taka ábyrgð eins og til dæmis að leiða gönguna inn á milli. Mín reynsla er að börn hafa gaman af útiveru en í dag er einnig svo margt annað sem hefur áhrif á líf barna. Öll þessi tækni og hraði í samfélaginu getur haft þau áhrif að börnin sækja síður í útivist. Útivera hefur jákvæð áhrif á marga þætti, svo sem einbeitingu, sköpunargáfu, úthald, örvar skilningarvitin, veitir gleði og ánægju og eflir hreyfifroska barna. Þetta þurfum við ætíð að hafa hugfast.“

Hvað gerir gönguleiðina um Víknaslóðir svona skemmtilega?

„Náttúran, fallegar gönguleiðir og mikil saga. Mér hefur alltaf þótt gaman að kynna mér sögu fólksins sem bjó í víkunum og hef fylgst mikilli lotningu þegar sögu þessa fólks ber á góma.“

Austurland er þínir heimahagar, áttu þér eftirlætisnáttúruferlu?

„Stóruvörð.“

Snæfellsstofa, Fljótisdal

LungA, Seyðisfirði

Sláturhúsið, Egilsstöðum



Viðburðaríka Austurland



Við erum stolt af fjölbreyttu framboði menningar- og listviðburða og áhugaverðra safna á Austurlandi.


Í Austurlandsappinu og á visitausturland.is finnur þú upplýsingar um viðburði, tilboð og alls konar fleira.

 App Store  Google Play




Austurland, ævintýri líkast

 VISITAUSTURLAND



Það er gott að busla í sólinni á Austurlandi.



Það er hvergi betra að vera en í Jórvík á góðum degi.



Fjaran heillar unga fólkið.

Ljósmyndir/Diljá Hrafnkelsdóttir

„Það besta við Austurlandið er kyrrðin og náttúran“

Diljá Hrafnkelsdóttir, grafískur hönnuður og ljósmyndari, og **Kristinn Magnússon**, rafvirki og íþróttfræðingur, eru búsett á Breiðdalsvík. Drengirnir þeirra njóta þess að búa í litlu bæjarfélagi, stutt er niður í fjöru og oftast en ekki eru þeir að veiða þegar hún fer út að leita að þeim.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir / gudrunselma@mbl.is

Ég er fædd og uppalin hér á Breiðdalsvík en flutti héðan strax eftir grunnskóla. Við í rauninni festumst hér á frekar ótrúlegan hátt en í febrúar 2020 vorum við fjölskyldan búsett í Ósló og þurftum að flýja í hálfgerðu hasti úr húsnæðinu okkar vegna myglu og komum því grunlaus hingað til þabba sem er búsettur hér á Breiðdalsvík. Stutta stoppið sem átti nú bara að vera mánuður er nú orðið að rúmum þremur árum. Við keyptum okkur svo hús þegar ljóst var að við værum ekki að komast út aftur á næstunni og hér erum við enn allavega,“ segir Diljá þegar hún er spurð af hverju þau settust að á Breiðdalsvík.


Hver er kosturinn við að vera með fjölskyldu á Breiðdalsvík?

„Það er klárlega frelsið sem börnin hafa hér en ég þarf flesta daga að leita að strákunum í kvöldmat og þeir eru bara úti að leika sér, veiða og í einhverju brasi alla daga með vinum sínum. Ég ólst hér upp við þetta frelsi líka og því finnst mér alveg dásamlegt að börnin mín fái að upplifa þetta eftir að hafa alist upp í stórborg. Maðurinn minn er íþróttfræðingur og tók sig til og reif upp allt íþróttastarf á svæðinu en hér var ekkert við að vera fyrir börn á þessum tíma og í dag æfa strákarnir okkar bæði körfubolta og karate með íþróttafélaginu Hrafnkeli Freysgoða og eru einnig í nýstofnuðu skátafélagi svo það er nóg að gera.“

Föstudagskvöld eru þítsukvöld á Breiðdalsvík

Hvað finnst þér best við bæinn?

„Það besta við Austurlandið er kyrrðin og náttúran. Dagarnir einkennast af miklu hæglæti og lífið er frekar þægilegt. Hér er sko



Loðmundarfjörður er í miklu uppáhaldi.



ekker stress.

Svo er auðvelt að fara í dagsferðir eða helgarferðir á næstu firði en allir hafa þeir upp á svo margt að bjóða.“

Eruð þið dugleg að borða mat úr héraði?

„Þítsurnar á Kaffi

Hamri hér á Breiðdalsvík eru fastur liður hér á okkar heimili á föstudögum en þar færðu alveg ótrúlega góðar súrdeigspítsur. Við erum frekar dugleg að kaupa mat og vörur sem eru framleiddar hér fyrir austan. Sósurnar frá Lefever eru hreinn unaður en þær eru framleiddar hjá nágrönnum okkar á Djúpavogi. Svo er það kaffið frá kaffibrennslunni Kvörn á Stöðvarfirði en það fæst meðal annars á Hótel Breiðdalsvík. Orðið á götunni er svo að besti rjómaís landsins fáiast í Skálanum á Egilsstöðum og því erum við fjölskyldan sammála.“

Hvernig er hefðbundinn sumardagur hjá ykkur?

„Á sumardögum þykir okkur afar gott bara að sóla okkur í garðinum ef veður leyfir. Strákarnir sula mikið í læknum sem rennur hérna í gegnum þorpið og veiðiferð í Kleifarvatn eða sjóferð með afa slær alltaf í gegn. Við erum líka mikið að brasa í garðinum en þar

erum við að rækta kartöflur, gulrætur, grænkál, jarðaber og fleira gott. Deginum er svo oftast lokað með sundferð og góðum grillmat með fjölskyldunni. Hér eru börnin líka úti að leika í alls konar leikjum langt fram á kvöld á sumrin.“

Ógleymanlegt að fara í Loðmundarfjörð

Hvað má ekki láta fram hjá sér fara þegar farið er til Breiðdalsvíkur?

„Hér er margt í boði fyrir ferðamanninn en ég myndi segja að fyrsta stopp ætti að vera á Meleyri sem er afar falleg strandlengja áður en komið er inn í þorpið og vinsælt stopp hjá erlendum ferðamönnum. Flögufoss er svo hér innar í dalnum en þar er alveg geggjað að ganga upp og reyndar alveg ótal gönguleiðir hér upp um öll fjöll.“

Kaffi Hamar, hvort sem það er súrdeigspítsa eða bara marengsterta og kaffibolli, með frábæru útsýni yfir víkina. Hótel Breiðdalsvík er ótrúlega sjarmerandi hótél þar sem boðið er upp á íslenskan mat og vörur úr nærumhverfinu. Á hótelinu er einmitt verið að opna úti-spa með heitum og köldum pottum, sauna og nuddaðstöðu meðal annars og svo er hægt að láta líða úr sér við arineld í setustofunni og gæða sér á bjór frá Beljanda sem bruggaður er í heimabyggð. Brugghúsið Beljandi er handverksbrugghús og bar í þorpinu og tilvalið að stoppa við í bjórsmakk þar. Rannsóknarsetur Háskóla Íslands, Breiðdalssetur, er með sýningar allt sumarið um jarðvísindi og sögu bæjarins meðal annars. Þar er ókeypis inn og eitthvað fyrir alla.“

Hvert farið þið þegar þið viljið fara í stutt ferðalag?

„Við höfum farið nokkuð oft yfir sumarið í útilegu í Höfðavík en þar er dásamlegt að eyða helginni með fjölskyldu og vinum og einstaklega veðursælt. Hallormsstaðaskógur er ein fallegasta perla Austurlands að okkar mati og okkur líður alltaf smá eins og við séum komin aftur út til Noregs að koma þangað. Svo má ég til með að nefna Finnsstaði á Héraði en þar er litill húsdýragarður sem okkur finnst ótrúlega gaman að heimsækja.“

Eftirminnilegasta helgarferðin í fyrrasumar var þó í Loðmundarfjörð en þangað kemst þú eiginlega bara yfir sumartímann. Þar er ekkert símasamband og fjörðurinn í fór í eyði 1973. Við áttum þar æðislega daga í algjörrri kyrrð og alveg frá öllu áreitni. Það er ferð sem mun aldrei gleymast.“

Áttu þér uppáhaldsnáttúruperlu á svæðinu?

„Jórvík á sérstakan stað í hjarta mínu en það er afar fallegt skógi vaxið svæði inn í Breiðdalnum og alveg sérstök orka þar. Þar myndast oft algjör hitapollur og draumi líkast að fara með teppi og nesti þangað þar sem er sallað í læknum og litlum fossum á sólardögum.“


Í hvaða sundlaug er best að láta líða úr sér?

„Það eru tvær laugar hérna í Fjarðabyggð sem eru uppáhaldi hjá okkur en það er Stefánslaug á Neskaupstað og sundlaugin hér á Breiðdalsvík. Hún er bara opin í þrjú mánuði á ári hins vegar en við höfum notað hana mikið á sumrin og alltaf gott að ljúka góðum sólardegi þar.“

HEIMAVÖRN

Snjöll öryggislausn fyrir
nú tímaheimili

Nánar á [securitas.is/heimavorn](https://www.securitas.is/heimavorn)



Ætlar á Pussy Riot á LungA

Ragnhildur Ásvaldsdóttir, forstöðumaður Sláturhússins listamiðstöðvar, á ættir að rekja til Seyðisfjarðar og Sómastaða í Reyðarfirði. Sjálf flutti hún austur árið 2019 og þá til að starfa innan lista- og menningargeirans. Einn af hápunktum sumarsins hjá Ragnhildi verður að sjá Pussy Riot á LungA-hátíðinni.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir /
gudrunselma@mbl.is



Ragnhildur Ásvaldsdóttir er forstöðumaður Sláturhússins á Egilsstöðum.

Sláturhúsið er lista- og menningarmiðstöð. Okkar áherslusvið eru sviðslitir en við sinnum jafnframt tónlistinni og myndlistinni. Við erum, eins og nafnið gefur til kynna, með aðsetur í gamla Sláturhúsinu á Egilsstöðum,“ segir Ragnhildur. Í sumar verður myndlistarsýningin Remember the Future haldin auk þess sem sýningin Jarðtenging heldur áfram. Djasstónleikaröðin Far out / langt út fer fram í júní og ágúst.

Skapandi fólk hefur lengi sótt austur og er menningarlíf sérlega blómlegt. „Seyðisfjörður hefur til dæmis í gegnum síðustu áratugina verið suðupottur lista og menningar á Austurlandi, og það er hægt að þakka listamönnum eins og til dæmis Dieter Roth sem dvaldi þar langdvölum. Skaftfelli myndlistarmiðstöðin opnaði síðan árið 1998, Sláturhúsið og



Pussy Riot koma fram á LungA í sumar á Seyðisfirði. Hér eru þær í Þjóðleikhúsinu.

Morgunblaðið/Arnþór Birkisson

videolistahátíðin Hreindýraland 700IS bættust síðan við, LungA-hátíðin á Seyðisfirði, LungA-skólinn, Rúllandi snjóbolti á Djúpavogi og Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði,“ segir Ragnhildur.

„Allt þetta starf hefur í gegnum árin verið rekið af hugsjónafólki og sem betur fer fengið stuðning frá bæði samfélaginu og sveitarfélögum í kring til að þróast og dafna. Við erum með mikið gegnumstreymi listafólks sem kemur hingað á svæðið í vinnustofur eða í nám við LungA-skólann. Þetta smitar áhuga inn í

samfélögin,“ segir hún og tekur fram að það hafi verið tekin pólitísk ákvörðun um að styðja listir með miðstöð sviðslista í Sláturhúsinu, miðstöð myndlistar í Skaftfelli auk þess sem Tónlistarmiðstöðin er á Eskifirði.

Ragnhildur segir listafólk sækja bæði innblástur í umhverfið og samfélagið. „Það kemur fólk oftast nær á óvart hversu opið samfélagið er og hve aðgengið að fagfólki er auðvelt. Það er líka alveg einstakt samstarf á milli okkar allra sem vinnum í lista- og menningargeiranum, þvert á stofnanir og bæjarkjarna. Ég er heldur ekki frá því að sá mikli fjöldi erlendra listamanna sem hér býr sé ákveðinn þráður sem að tengir okkur enn betur saman auk þess að vera stór innspýting í listasamfélagið.“

Ragnhildur reynir að sækja sem flesta menningarviðburði fyrir austan en úrvælið er

svo mikið að hún segir erfitt að komast yfir allt. „Sýningar í Skaftfelli og á Djúpavogi læt ég sjaldan fara fram hjá mér. Auk þess sækir ég viðburði tengda vinnustofum í kring. Síðan læt ég mig ekki vanta á ljósmýnda- og myndlistarvæðingum sem fara fram undir nafninu Fiskisúpa-ljósmýndasósa; sýning, óformlegt sýningarþjall og málsverður um leið. Eitt dæmið um gróskuna í menningarlífinu. Tónlistarmiðstöðin er síðan oft og tíðum með afar áhugaverða dagskrá sem ég reyni að sækja.“

Hvað má fólk sem ætlar austur alls ekki láta fram hjá sér fara?

„Sláturhúsið að sjálfsögðu, ég mæli líka með Skaftfelli og söfnunum á Neskaupstað, m.a. Tryggvasafni, sem er safn með verkum Tryggva Ólafssonar myndlistarmanns. Gróskan í matargerðarlist er líka mikil og enginn ætti að láta veitingastaðinn Nielsen á Egilsstöðum fara fram hjá sér. Nielsen er einn albesti veitingastaður landsins. Verið var að opna bistróid í Skaftfelli aftur eftir breytingar sem er með frábæran mat og einnig má nefna Norð-Austur sushi á Seyðisfirði. Náttúruna í kringum okkur er augljóslega nauðsynlegt að skoða; Stóruð, Stapavík, Mjóifjörður – hér er hægt að telja endalaust upp. Og svo enda daginn í Vök.“

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

„Ég var að kaupa mér miða á Pussy Riot á LungA-hátíðinni og fer örugglega á fleiri viðburði þar. Síðan ætla ég á tónleika með Mugison í bakgarðinum hjá Dóra vini mínum á Tehúsinu, sem stendur hérna við hliðina á Sláturhúsinu. Rúllandi snjóbolti er einnig á planinu og tónlistarhátíðin Bræðslan á Borgarfirði. Þess á milli ætla ég að halda áfram að kynna svæðinu hérna betur með gönguferðum frá einum firði til annars, og útilegu í Vöðlavík. Njóta þess sem er hér í boði, sérstaklega þar sem veirið á örugglega eftir að leika við okkur í sumar. Svo er Frakklandsferð á dagskránni um mitt sumar.“

Margar mjög fallegar gönguleiðir

Hildur Bergsdóttir félagsráðgjafi flutti austur árið 2005 og er enn jafnheilluð af landshlutanum og fyrir tæpum tveimur áratugum. Hildur er útivistareldhugi og flest þau verkefni sem hún sinnir eiga það sameiginlegt að stuðla að sjálfsefningu úti í austfirskri náttúru og mörg þeirra snúa að ungmennum.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir /
gudrunselma@mbl.is

Fjölbreytt og víða óspillt undurfögur og kraftmikil náttúran er klárlega það sem heillar mig mest. En hér er líka blómlegt samfélag sem er gott að tilheyra,“ segir Hildur þegar hún er spurð hvað það er við Austurland sem heillar.

Hildur starfar mikið með ungmennum og er starfið í raun þrjúþætt. „Ég var með áfangi í Menntaskólanum á Egilsstöðum sem var ætlaður ungu fólki sem glímdi við einhvers konar sálfélagslegan vanda og vildi nýta reynslunám, náttúru, útiveru, ævintýri og áskoranir til að efla sig. Það var vetrarlangur áfangi sem samanstóð af vikulegum náttúrustundum og svo að minnsta kosti einum lengri leiðangri að vori þar sem dvalið er í náttúrunni í fimm daga.“

Ég er skólastýra og kennari í Náttúruskólanum en Náttúruskólinn eru nýlega stofnuð félagasamtök nokkurra reynslumikilla útiverueldhuga sem starfa með það að markmiði að efla og auðga tengsl, virðingu og þekkingu þings fólks á náttúru og nærumhverfi sínu. Þar fáum við grunnskólahópa í náttúruupplifanir, útikennslu og jafnvel



Horft yfir Rauðubjörg á Gerpissvæðinu.

Hildur veit fátt betra en að vera úti í náttúrunni, í öllum veðrum og vindum.

lengri óbyggðaleiðangra. Við höfum einnig prófað okkur áfram með ýmiss konar námskeið, til dæmis útikennslu og námskeið í reynslunámi fyrir grunnskólakennara og sjálfsefningarnámskeið fyrir unglinga þar sem við fléttum saman náttúru- og listmeðferð,“ segir Hildur, sem er einnig útivistarþjálfari hjá Ungmennafélaginu Þristi en þar er boðið upp á útivistarnámskeið fyrir börn.

Eru allir unglingar áhugasamir um umhverfið og náttúruna á Austurlandi?

„Það er auðvitað misjafnt en ég held ég geti fullyrt að nær alltaf tekst okkur að finna einhvern vinkil á náttúrunni sem heillar þau.“

Finnur þú mun á krökkunum þegar þau byrja og þegar þau útskrifast?

„Já það geri ég sannarlega en auðvitað er það mismunandi eftir verkefnum og þeim áherslum sem eru í starfinu. Í styttri verkefnum er það oftast aukin jákvæðni,

forvitni og áhugi á að vera úti í náttúrunni, sjá og upplifa enn fleira og finna tengslin við náttúruna. En í áfanganum sem ég var með í Menntaskólanum á Egilsstöðum, þar sem ég fékk að vinna með þeim í heilan vetur, fann ég mjög mikinn mun á sjálfþekkingu unglanna, trú á eigin getu, samvinnuhæfni, viljanum til að taka ábyrgð, sýna frumkvæði og tengjast náttúrunni og í raun bara eiga heilsteypari og jákvæðari mynd af sjálfum sér og lífinu. Í þessum

áfangi gafst einmitt rými og tími til að vinna vel með alla þessa þætti og náttúran var nýtt í hvívetna til þess.“

Af hverju er mikilvægt fyrir okkur öll að komast í tengsl við umhverfið okkar?

„Fyrir mér erum við öll örjúfanlegur hluti af náttúrunni og hún af okkur, þó svo að nútímatækni og lífverni hafi sannarlega bjagað þau tengsl. Það er mér dýrmætt að geta lagt mitt af mörkum til að efla tengsl, skilning, virðingu og væntumþykju barna og unglinga í garð náttúrunnar og ég tel að með því megi líka styrkja þessa sömu tilfinningaþætti í eigin garð. Ef okkur tekst að ala upp kynslóðir sem búa yfir gagnkvæmri virðingu og kærleika fyrir sjálfum sér, lífinu og náttúrunni þá erum við á sama tíma að ala upp kynslóðir sem umgangast náttúruna og lífið af alúð og virðingu.“

Óspillt náttúran heillar

Hvert ferð þú þegar þú vilt hreinsa hugann og komast aðeins út í náttúruna?

„Það er svolítið misjafnt eftir árstíðum

en mér finnst undurgott að vera í óspilltri náttúru þar sem ég hvorki sé né heyrir neitt manngert. Ég sækir mikið í Hallormsstaðaskóg og finnst notalegt að eiga samveru með trjánum, fuglasöng og lyngangan þar. Ég bregð mér líka gjarnan á SUB eða róðrabretti sem maður stendur á á Eiðavatni og nýt þess að róa þar um á kyrrlátum dögum umvafin birkilm og öldugjálfrí. Mér finnst líka oft gott að sitja við hafið og finna kraftinn sem streymir frá því og þarf þá vissulega aðeins að færa mig um set, þar sem ég bý á Egilsstöðum, en staðir eins og Skálanes, Landsendi, Hólmanes og Stapavík eru ekki langt undan sem betur fer.“

Áttu þér uppáhaldsnáttúruferlu?

„Já alveg nokkrar, Húsavík á Víknaslóðum er í miklu uppáhaldi og ég þreystist aldrei á að dást að fjallahringnum þar í kring.“

Hvert mælir þú með að fara í göngu ef fólk vill kynnast Austurlandi í einni ferð?

„Það er ekki gott að segja en við eigum margar mjög fallegar, fjölbreyttar og tilkomumiklar gönguleiðir sem eru svo virkilega vel þess virði að fara, til dæmis í Lónsöræfi, Víknaslóðir, Stóruð og Gerpissvæðið.“

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

„Ég verð aðeins að leiðsögja í sumar, bæði á Víknaslóðum og Gerpissvæðinu, ég kemst vonandi á Hornstrandir með mannum mínum sem er búið að vera draumur lengi og svo stefni ég á að vera bara sem mest úti í náttúrunni, fótgangandi með tjaldíð mitt á bakinu og krakkana mína vappandi mér við hlið,“ segir Hildur en hún er meðal annars með upplifunarferðir fyrir konur um Gerpissvæðið ásamt Lindu Þerisson með Tanna Travel þar sem markmiðið er að fara hægar yfir, njóta og næra. Auk þess fer hún í styttri og lengri göngur með barnafjölskyldum í austfirskri náttúru með Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs.



Velkomin á Austurland





Gistirýmið eru af ýmsum toga og minna á gamla tíma.



Elisabet og Vilhjálmur eru bændur í hjáverkum. Ferðaþjónustan er þeirra aðalstarf.

Ævintýri á fjöllum

Vilhjálmur Vernharðsson, ferðaþjónustubóndi í Möðrudal á Fjöllum, hefur í mörg horn að líta í byrjun júní, sauðburður að klárast og sumarvertíðin í ferðaþjónustunni að fara af stað. Vilhjálmur segir langflesta gesti sína erlenda ferðamenn en vonast til þess að sem flestir Íslendingar kynnist feigdinni á hálendinu.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir / gudrunselma@mbl.is

Ég er fæddur og uppalinn hérna. Ég var farinn og fluttur til Reykjavíkur eins og nánast allir aðrir. Þegar þjóðveginn var breytt árið 2001 þá ætluðu foreldrar mínir að hætta að búa og fólk sem var með greiðasölu við þjóðveginn ætlaði að loka og bærinn var að fara í eyði, þá ákvað ég prófa þetta skref og kaupa. Ég ætlaði svo sem aldrei að verða bóndi nema í hjáverkum en var með þessa hugmynd að byggja upp ferðaþjónustu," segir Vilhjálmur.

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur breyst mjög mikið á undanförunum tveimur áratugum og hefur Vilhjálmur ekki farið varhluta af því. Ævintýrið hans fór rólega af stað en hann hefur staðið af sér kreppu og kórónuveiru. „Ég er allavega enn hérna og með gömlu kennitöluna," segir hann glettinn.

Fjalladrottningin Herðubreið

Útsýnið er aðalsmerki staðarins að sögn Vilhjálms. „Við höfum fjalladrottninguna Herðubreið hérna í fanginu, Kverkfjöllin og sjáum ótrúlega vítt, við sjáum héðan inn á jökul, það eru 100 kílómetrar. Við erum með óhemju vítt og flott útsýni. Svo er það náttúru- og dýralíf sem er hér allt í kring. Svo er þetta eldfjallalandslag allt í kringum okkur."

Vilhjálmur segir að allir bílar og ferðavagnar komist á tjaldstæðið. Hins vegar ef fólk ætlar lengra inn á hálendið þarf það að vera á betri bílum. Hann er með gistirými fyrir 110 manns í mismunandi gistirýmum og auk þess er veitingastaður. „Við framleiðum okkar kjöt sjálf sem við bjóðum gestum okkar upp á. Við veidum bleikjuna sem er á matseðlinum í vötnunum og ánum. Gæsin og hreindýrið kemur frá okkar veiðimönnum sem við þjónustum, matseðillinn er eins staðbundinn og hann getur verið. Ástæðan fyrir að því að við erum bændur er að við viljum að allir okkar



Elisabet Svava Kristjánsdóttir og Vilhjálmur Vernharðsson taka á móti ferðamönnum í Möðrudal á Fjöllum allan ársins hring.

Herðubreið.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

aðalréttir séu af bænum, hvort sem það er villibráð eða það sem við ræktum," segir Vilhjálmur og segir þau vera að vinna í því að koma upp gróðurhúsi til að rækta salat.

Vilhjálmur segir vinsælt að gista í eina til tvær nætur og fara í ferðir í Kverkfjöll eða í Öskju. Ferðaþjónustan hans býður upp á slíkar ferðir auk þess sem þyrluflug er að byrja aftur eftir hlé í kjölfar heimsfaraldurs. Að fljúga yfir Öskju er ein vinsælasta þyrluferðin en það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að fólk fer í útsýnisflug með þyrlu.

Draumur eldra fólks um að fara á topp Herðubreiðar varð til að mynda að veruleika þegar þau fengu þyrlu til að lenda þar. „Það er hægt að láta ýmislegt rætast ef maður er rétt þenkjandi," segir Vilhjálmur.

Aðallega erlendir ferðamenn

Á haustin eru það Íslendingar að megininu til sem koma til þeirra Vilhjálms og eiginkonu hans, Elisabetar Svövu Kristjánsdóttur, á Möðrudal á Fjöllum. Tilgangurinn er veiðar. „Yfir sumartímann á venjulegum degi erum við að tala um 95 prósent útlendinga eða meira. En svo í kórónuveirufaraldrinum var allt fullt af Íslendingum og gott veður," segir Vilhjálmur. Hann segir Íslendinga einnig hafa fjölmennt fyrir nokkrum árum. „Þeir voru hálfveðurtepptir af því þeir vildu ekki yfirgefa góða veðrið. Að Íslendingar komi í gistingu á hótelinu eða gistihúsinu yfir sumartímann það er undantekning."

Vilhjálmur vonast til að ferðalög Íslendinga um eigið land hafi opnað augu þeirra fyrir ágæti landsins og breytt ferðavenjum landsmanna til frambúðar, að einhverju leyti að minnsta kosti. „Árið 2020 fengum við hingað fólk á miðjum aldri hálfnað með hringinn umhverfis Ísland sem hafði aldrei komið á Austurland áður. Þau voru svo heilluð, þau voru bara: „Hér eru flottir veitingastaðir og flott hótél." Fólk upplifði Ísland allt öðruvísi en áður og ég vonaði að þetta myndi breyta einhverju og fólk myndi ferðast meira um

landið en ég veit ekki hvernig það verður af því Ísland er náttúrulega bara fullsetið af útlendingum yfir sumarið."

Bestu ástarpungar á landinu

Ekki er hægt að koma við á Möðrudal á Fjöllum nema fá sér annaðhvort kleinur eða ástarpunga í Fjallakaffi en bakkelsið er að sjálfsögðu heimasteikt. Aðspurður hvort þetta séu bestu kleinur á Íslandi vill Vilhjálmur lítið fullyrða um það en segir leiðsögumennina sem koma við mjög ánægða. „Við höfum alveg heyrt það að við séum með bestu ástarpungana á Íslandi," segir hann.

Hvort er betra kleinurnar eða ástarpungarnir?

„Fjallakaffi var þekkt fyrir kleinurnar lengst af en þetta hefur snúist við. Fjallakaffi er orðið þekktara fyrir ástarpungana."

Hvernig er lífið á veturna?

„Þetta er allt öðruvísi. Þetta eru alveg tveir mismunandi tímar. Á sumrin höfum við minni tíma fyrir ferðamennina. Við viljum að ferðamennirnir upplifi að þetta sé fjölskyldufyrirtæki og við erum hérna alla daga, allt sumarið, sjálf. Við reynum að spjalla við fólk og gefa því upplýsingar sjálf. Það eru hins vegar óhemjumargir að koma. Á veturna getur maður gefið hverjum ferðamanni meiri tíma af því að það eru miklu færri. En sumarið er árstíðin sem allt snýst um til þess að lifa af árið en við erum með opið allt árið," segir Vilhjálmur sem mælir með að skoða norðurljósin í Möðrudal á Fjöllum.

Lyfjaval

HEILSA & HAMINGJA

Ertu að fara í frí?

Renndu við í bílalúgunum



Mundu eftir flugnafælunni.

Ertu með ofnæmi?

Eru plástrar með í för?

... og ekki gleyma verkjatöflunum.

Þú færð sólarvörnina hjá okkur.

Góða ferð!



Lyfjaval Glæsibæ • Bílaapótek Lyfjaval Vesturlandsvegi
Lyfjaval Urðarhvarfi • Bílaapótek Lyfjaval Suðurfelli • Lyfjaval Mjódd
Bílaapótek Lyfjaval Hæðasmára • Bílaapótek Lyfjaval Reykjanesi

Opið allan sólarhringinn í
Bílaapóteki Lyfjaval Hæðasmára



TRYGGÐU ÞÉR CARETTA FERÐAVAGN FYRIR SUMARIÐ!



SÝNISEINTAK Á STAÐNUM



Nánari upplýsingar: sportis@sportis.is og í síma 520-1000

CARETTA.IS
520-1000

SPORTÍS



SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK